DIGITAL SIGNATURE 23.4.2024 13:25:51 GMT
Þorkell Magnússon
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE 23.4.2024 13:35:31 GMT
Birgir Örn Arnarson
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE 23.4.2024 14:21:54 GMT
Ólöf Hildur Pálsdóttir
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE 23.4.2024 14:59:29 G
Arnór Gunnarsson
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE 23.4.2024 15:23:23 GMT
Kristinn Freyr Kristinsson
Reason: Signature

SIV Credit Fund slhf.

Ársreikningur 2023

SIV Credit Fund slhf.
Ármúla 3
108 Reykjavík
kt. 691123-1700

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra 3

Áritun óháðs endurskoðanda 4

Rekstrarreikningur 6

Efnahagsreikningur 7

Sjóðstreymisyfirlit 8

Skýringar 9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

SIV Credit Fund slhf., kt. 691123-1700, er samlagshlutafélag sem var stofnað í október á árinu 2023 og starfar sem sérhæfður sjóður skv. lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili.

Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfssemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins en það felur m.a. fjárfestingar í skuldabréfum og lánum til fyrirtækja. Sjóðurinn er með lögheimili á Íslandi og skal eingöngu markaðssettur á Íslandi til fagfjárfesta.

Ábyrgðaraðili sjóðsins, sbr. 2. mgr. 160. gr. hfl., er SCF GP ehf., kt. 601023-0830, Ármúla 3, 108 Reykjavík („ábyrgðaraðilinn"). Samkvæmt samþykktum sjóðsins gegnir ábyrgðaraðilinn hlutverki stjórnar sjóðsins. Heimilt er að skipta um ábyrgðaraðila í tengslum við breytingu á rekstraraðila sjóðsins, sbr. gr. 4.4 í samþykktum sjóðsins. Rekstraraðili sjóðsins skv. samnngi er SIV eignastýring hf.

Sjóðurinn mun gefa út hlutafé og skuldabréf í samræmi við samþykktir og áskriftarskilmála til þess að fjármagna fjárfestingar sínar.

Tap varð á rekstri sjóðsins á árinu 2023 að fjárhæð 11,8 millj. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2023 nam 38,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Þar sem sjóðurinn var stofnaður seint á árinu voru fjárfestingar ekki komnar af stað á árinu. Heildarhlutafé sjóðsins samkvæmt samþykktum sjóðsins nam í árslok 50 millj. kr.

Skráð hlutafé sjóðsins nam í árslok 50 millj. kr. og voru hluthafar 19 í árslok 2023.

	2023
Birta lífeyrissjóður	19,98%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A deild	19,98%
Gildi - lífeyrissjóður	19,98%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	9,56%
Festa lífeyrissjóður	7,17%
Vátryggingafélag Íslands hf.	4,78%
Almenni lífeyrissjóðurinn	4,78%
Séreignadeild Birtu lífeyrissjóðs	3,82%
Íslenski lífeyrissjóðurinn - Lífsbraut 1	1,20%
Íslenski lífeyrissjóðurinn - Lífsbraut 2	1,20%
Íslenski lífeyrissjóðurinn - Lífsbraut 3	1,20%
Íslenski lífeyrissjóðurinn - samtrygging	1,20%
Eftirlaunasjóður FÍA	1,15%
Lífeyrissjóður bænda	0,96%
Lífeyrisauki	0,86%
Lífeyrisauki 3	0,76%
Lífeyrisauki 4	0,57%
Lífeyrissjóður Rangæinga	0,48%
Lífeyrissjóður starfsmanna búnaðarbankans	0,38%
	100,00%

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu en daglegur rekstur er í höndum SIV eignastýringar hf.

Frá 31. desember 2023 sem er viðmiðunardagur ársreiknings, hefur félagið gefið út nýtt hlutafé fyrir 2.042 m.kr. og einnig gefið út skuldabréf fyrir 1.000 m.kr. Þetta er til að fjármagna fjárfestingar sjóðsins. Stjórn sjóðsins leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2024 en vísað er í eiginfjáryfirlit um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri SIV Credit Fund slhf. hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 23. apríl 2024

Stjórn:
F.h. SIV Credit Fund slhf.
Ólöf Pálsdóttir

Birgir Örn Arnarsson

Arnór Gunnarsson

Framkvæmdastjóri

Þorkell Magnússon

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í SIV Credit Fund slhf.

Álit
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SIV Credit Fund slhf. fyrir árið 2023, að undanskilinni skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag félagsins 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé félagsins á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðuársreikninga og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Grundvöllur álits
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði
Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar
Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra og stjórnarháttayfirlýsing sem lá fyrir við áritun okkar.
Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfastjóða, rekstraraðila sérhæfra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

- Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.
- Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.
- Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 23. apríl 2024

PricewaterhouseCoopers ehf.

Kristinn Kristinsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023
Rekstrartekjur		
Vaxtatekjur		376.950
Rekstrartekjur samtals		376.950
Rekstrargjöld		
Umsýslu- og vörsluþóknun		(10.460.000)
Annar rekstrarkostnaður		(1.725.788)
		(12.185.788)
(Tap) ársins	6	(11.808.838)

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023
Eignir		
Handbært fé		50.376.950
Eignir samtals		50.376.950
Eigið fé		
Hlutafé		50.000.000
Óráðstafað eigið fé	6	(11.808.838)
Eigið fé		38.191.162
Skuldir		
Viðskiptaskuldir		171.387
Skuld við rekstrarfélag	7	12.014.401
Skammtímaskuldir		12.185.788
Skuldir samtals		12.185.788
Eigið fé og skuldir samtals		50.376.950

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr.	2023
Rekstrarhreyfingar		
(Tap) ársins	6	(11.808.838)
Veltufé til rekstrar		(11.808.838)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Skammtímaskuldir, hækkun		12.185.788
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		12.185.788
Handbært fé frá rekstri		376.950
Fjármögnunarhreyfingar		
Innborgað hlutafé	6	50.000.000
Fjármögnunarhreyfingar		50.000.000
Hækkun á handbæru fé		50.376.950
Handbært fé í árslok		50.376.950

Skýringar

1. Félagið

SIV Credit Fund slhf. er samlagshlutafélag með starfsemi og aðsetur að Ármúla 3, Reykjavík. Félagið er rekið sem sérhæfður sjóður í samræmi við lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Ábyrgðaraðili sjóðsins er SCF GP ehf. og sér SIV eignastýring hf. um rekstur þess. Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. *Grundvöllur reikningsskilanna*

Ársreikningur sérhæfða sjóðsins SIV Credit Fund slhf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um sérhæfða sjóði. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að eignarhlutir og skuldabréf sem skráð eru á markaði eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum.

SIV Credit Fund slhf. er ekki markaðssettur til almennra fjárfesta.

b. *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Gangvirðisbreytingar skráðra hlutabréfa, skuldabréfa og afleiðna eru færðar miðað við gengi viðkomandi fjármálagerninga á reikningsskiladegi.

3. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir rekstraraðila sínum, SIV eignastýringu hf., ársfjórðungslega umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins. Á fyrstu þremur árum frá stofnun félagsins eða þar til félagið hefur kallað inn áskriftarloforð vegna hlutabréfa og skuldabréfa að fullu (eftir því hvort tímamarkið kemur upp fyrr) greiðir félagið fasta árlega umsýsluþóknun til SIV eignastýringar hf. sem nemur 0,5% af upphaflegum heildarfjárfestingaloforðum. Að þremur árum liðnum eða þegar upphafleg fjárfestingarloforð hafa verið greidd að fullu miðast föst 0,5% árleg þóknun við mat á heildareignum félagsins miðað við síðasta ársuppgjör eða árshlutauppgjör.

Skýringar, frh.:

4. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

5. Skattamál

Sjóðurinn er ekki sjálfstæður skattaðili en er skattlagt með eigendum sínum og því eru skattar ekki reiknaðir í ársreikningnum. Þá ber endanlegur eigandi ábyrgð á skattgreiðslum félagsins

6. Eigið fé

Hlutafé sjóðsins samkvæmt samþykktum þess er 50 millj. kr. Heimilt er að hækka hlutafé í 2.092 m.kr. samkvæmt samþykktum.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Innborgað hlutafé	50.000.000	0	0	0	50.000.000
Tap ársins	0	0	0	(11.808.838)	(11.808.838)
Eigið fé 31.12.2023	50.000.000	0	0	(11.808.838)	38.191.162

7. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar með 20% eignarhlut eða meira, dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn, stjórnendur, rekstraraðili sjóðs, móðurfélag rekstraraðila og félög er lúta stjórn sjóðsins, auk félaga í meirihlutaeigu þessara aðila, teljast vera tengdir aðilar sjóðsins. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila

	31.12.2023
Í efnahagsreikningi eru eftirfarandi stöður við tengda aðila:	
SIV eignastýring hf.	(12.014.401)
	(12.014.401)
Í rekstrarreikningi eru eftirtalin viðskipti við tengda aðila:	
Þóknun til SIV eignastýringar hf.	10.460.000